

11. apríl 2024



## Tillaga stjórnar að breytingu á inngöngureglum SÍM

### [VERÐUR]

Til að hafa rétt til inngöngu í Samband íslenskra myndlistarmanna þarf umsækjandi að uppfylla eitt af eftirfarandi skilyrðum:

- a. Að hafa lokið viðurkenndu námi í myndlist við viðurkenndan listaskóla, eða sem svarar a.m.k. tveggja ára námi að loknu stúdentsprófi.
- b. Að hafa lokið sambærilegu námi á myndlistarsviði, til dæmis í sýningarstjórn eða listfræði.

### [VAR]

Til að hafa rétt til inngöngu í Samband íslenskra myndlistarmanna þarf umsækjandi að hafa lokið amk 3 ára BA námi í myndlist eða hafa aðra sambærilega menntun samkvæmt yfirlýsingu viðkomandi skóla.

Einnig hafa þeir sem hafa lokið 4 ára námi frá Myndlistarskólanum á Akureyri og útskrifast með Diplóma rétt á inngöngu í SÍM.

### [ÓBREYTT]

Að öðrum kosti þarf umsækjandi að uppfylla fjögur af neðangreindum skilyrðum:

1. Önnur menntun í myndlist (að lágmarki samtals 2 ár) staðfest með yfirlýsingu viðkomandi stofnunar.
2. Ein eða fleiri einkasýningar í opinberum sýningarstöðum. Staðfesting fylgi.
3. Þátttaka í alþjóðlegri sýningu, samsýningu styrktri af opinberum aðilum eða ekki færri en fimm samsýningum öðrum. Staðfesting fylgi.
4. Verið falið af dómnefnd að vinna að listskreytingu á opinberum vettvangi. Staðfesting fylgi.
5. Eiga minnst eitt verk í opinberri eigu, keypt af viðkomandi safnráði eða matsnefnd. Staðfesting fylgi.
6. Hafa hlotið opinberan styrk eða starfslaun. Staðfesting fylgi.